

2. DKG-fundur vetrarins haldinn í Grunnskólanum í

Þorlákshöfn 26.október 2017.

1. Ingibjörg Þorleifsdóttir formaður Epsilondeildar setti fundinn og bauð viðstadda velkomna.
2. Þá var nafnakall og las Ingibjörg upp nöfn félagskvenna og bað fyrir kveðjur frá þeim sem ekki áttu heimangeynt. Hún ítrekaði enn og aftur mikilvægi þess að félagskonur svari fundarboði eins fljótt og unnt er, hvort þær komist á fundinn eður ei.
3. Elínborg Sigurðardóttir las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt.
4. Aðalefni fundarins að þessu sinni var kynning systur okkar Kristínar Sigfúsdóttur á meistararitgerð sinni, sem hún lauk nýverið. Rannsóknarverkefni hennar fjallaði um reynslu barna sem dvelja fjarri fjölskyldu sinni af móttöku, námsframvindu, viðmóti og samskiptum í grunnskóla. Titill verkefnisins er: „Skóli er greinilega ekki fyrir mig, ég er ekki gerður fyrir skóla“. Megin markmið rannsóknarinnar er að túlka sjónarmið barna sem dvalið hafa fjarri fjölskyldum sínum og draga fram þá þætti í skólastarfinu sem þau telja að skipti mestu máli fyrir velferð þeirra í grunnskóla. Skoðað var m.a hvernig tekið var á móti þeim í skólanum, námsframvinda, viðmót starfsfólks og skólafélaga, samskipti við starfsmenn svo eitthvað sé nefnt. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að það skiptir þessi börn miklu máli að fá að koma inn í grunnskóla á sömu forsendum og aðrir. Þau fá að stunda nám með öðrum börnum og að þau séu ekki eyrnamerkt með einhverjum hætti. Stærð skóla skiptir þau einnig máli og hefur reynsla þeirra sýnt að mun auðveldara sé fyrir þau eiga góð að samskipti við starfsfólk og nemendur í fámennari skólum.
5. Happprættið okkar var á sínum stað og hlaut Kristín Sigfúsdóttur vinninginn að þessu sinni.
6. Fleira ekki gert og fundi slitið.
7. Að fundi loknum snæddum við dásamlegt kjúklingasnitsel með öllu tilheyrandi á veitingastaðnum Meitlinum hjá þeim heiðurshjónum Guðrún Sigríksdóttur og hennar ekta maka.

Sigfríður Sigurgeirsdóttir, ritari